

**G J A L D S K R Á****fyrir rafveitu Patrekshrepps.****87**

2. ágúst

## 1. gr.

Gjald fyrir rafmagn til ljósa og útvarpstækja eingöngu skal vera kr. 1.00 fyrir kílówattsstund allt árið.

## 2. gr.

Frá 1. apríl til 31. ágúst er heimilt að nota hitunartæki eftir því sem orka stöðvarinnar hrekkur til. Slík tæki skulu skráð af framkvæmdastjóra og mega notendur aldrei setja við raftaugar stærri tæki í einu en skráð hafa verið.

Gjald fyrir rafmagn hjá þeim, sem hafa látið skrá slík tæki, skal vera kr. 0.20 kwst. yfir mánuðina apríl og ágúst, en kr. 0.10 á kwst. yfir mánuðina maí, júní og júlí. Þó skal þeim skylt að greiða yfir tímabilið apríl til ágúst lágmarksgjald, sem nemi einum eyri á watt í hinu skráða hitunartæki, á hverjum mánuði, þó aldrei lægra en fjórar krónur á mánuði.

## 3. gr.

Leiga fyrir mæla skal vera í íbúðarhúsum kr. 0.60 á mánuði, í öðrum húsum kr. 0.80. Þó skal ekki greiða leigu þann eða þá mánuði, sem rafmagn er ekki notað.

## 4. gr.

Framangreind gjöld hefir hreppsnefnd heimild til að hækka eða lækka um allt að 25%.

## 5. gr.

Verð á rafmagni til ljóslækninga fer eftir sérstökum samningi. Verð fyrir rafmagn til götulýsingar ákveður hreppsnefndin.

## 6. gr.

Gjöld fyrir rafmagn um mæli og leiga mæla, greiðist annan hvern mánuð eftir á um leið og lesið er á mæla. Gjald fyrir rafmagn, sem selt er eftir sérstökum samningi, greiðist á þeim gjalddaga, sem tiltekinn er í samningnum. Öll rafmagnsgjöld má taka lögtaki.

## 7. gr.

Með gjaldskrá þessari er úr gildi numin gjaldskrá fyrir rafveitu Patrekshrepps frá 10. september 1926.

Gjaldskrá þessi er hérmeð sett samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi 15. ágúst þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. ágúst 1934.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vígús Einarsson.*